



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

“...skólinn er okkur mikils virði...”

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Söngleikjaval
- Kórfréttir
- Dagur gegn einelti
- Nýr skólasöngur
- Prófalota í unglingsdeild
- Myndaveisla frá 10 ára afmælishátíð



GÓÐI syngur:



“Vakna að morgni, í skólann skunda
Þó gott sé undir sæng að blunda
Í skólanum finnum glens og gaman
gott er vera ánægð saman.”

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Á dögunum var 10 ára afmæli Áslandsskóla haldið hátíðlegt hér í skólanum.

Afmælisnefnd skólans hafði undirbúið daginn vel og vandlega og strax í upphafi undirbúningsferilsins var ákveðið að afmælishátíðin væri fyrst og síðast fyrir nemendur. Það tíðkast nefnilega oft að svona hátíðisdagar fari stundum út í ræðuhöld og fjölda boðsgesta en við ákváðum frekar að gera vel við fólkið á staðnum.

Mikið fjör var á sal skólans þegar hljómsveitin Pollapönk skemmti nemendum með sínum glaðværa og skemmtilega hætti. Þeir piltar fluttu meðal annars nýjan skólasöng Áslandsskóla. Lagið samdi einn hljómsveitarmeðlima, Haraldur Freyr Gíslason, og textann gerði sá er þetta ritar. Óhætt er að segja að nýja lagið féll vel í kramið og hafa nemendur verið ótrúlega fljótir að ná tókum á því á þeim morgunstundum sem haldnar hafa verið síðan.

Nemendur tóku vel undir með flestum laga Pollapönks, aldrei betur þó en þegar sungið var um “113 vælubílinn”.

Nemendur og starfsfólk nýttu tímann fram að mat við leik og spilamennsku í heimastofum og þar nýttist til dæmis skipulag vinabekkjja þar sem eldri léku við yngri. Í hádegismatinn var “jólamatúr”, hamborgarhryggur og meðlæti að hætti Gunnars kokks og hans hersveitar í mótuneyti skólans.

Svo þegar nemendur höfðu hrysst af sér hrygginn var boðið upp á súkkulaðiköku og mjólk.

Óhætt er að segja að sú ákvörðun að einblína á að gleðja nemendur skólans hafi gengið fullkomlega upp. Gleðin skein úr hverju andliti og nemendur voru háttvísir, snyrtilegir og kurteisir í hvívetna.

Að mínu mati hafa fyrstu 10 árin í sögu Áslandsskóla verið farsæl. Undirritaður

kom að skólanum í nóvember 2002 og getur því aðeins dæmt um starfið frá þeim tíma. Fyrstu 3-4 árin var mikil undirbúningsvinna í gangi og öll vinna miðaði að því að finna stöðugleika, vinna rétta verkferla og farsælar boðleiðir í starfinu. Síðar hefur Áslandsskóli vaxið hratt hvað nemendafjöldi varðar en einnig tekið forystu í ákveðnum þáttum skólastarfs eins og t.d. SMT skólafærni.

Áslandsskóli hefur verið lánsamur að hafa metnaðarfullt og kraftmikið starfsfólk en fyrst og síðast glaðværa og háttvísa nemendur.

Nú tekur við næsti tugur í skólasögunni, megi hann verða jafn farsæll og sá fyrsti.

SKÓLAVEÐJA
Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

PRÓFALOTA Í UNGLINGAÐEILD

Eins og greint var frá á skólakynningum í haust þá munum við gera tilraun með prófalotu í unglingaedeild Áslandsskóla í vetur. Fyrri prófalotan er í nú í lok nóvember og sú síðari á miðri vorönn. Prófað verður úr því námsefni sem verið hefur til grundvallar það sem af er skólaári.

Dagskrá prófdaga:

25.11.2011

8.,9. og 10. bekkur:

Kl. 8.10-10.10 Íslenska

Kl. 12.00-14.00 Enska

28.11.2011

8.,9. og 10. bekkur:

Kl. 8.10-10.10 Stærðfræði

10. bekkur:

Kl. 12.00-14.00 Danska

Frá 12.00 þennan dag er kennsla skv. stundaskrá í 8. og 9. bekk.

KÓRFRÉTTIR

Skólakórinn er nú komin á fullt og eru um 40 nemendur í yngri kór 1. og 2. bekk og um 10 nemendur í eldri kór 3. - 5. bekk.

Framundan er ýmislegt eins og ferð í Ástjarnarkirkju þar sem við ætlum að taka þátt í messu, Syngjandi jól í Hafnarborg 3. desember, heimsókn á Hrafnistu og á leikskóla skólasamfélagsins.

Við getum ennþá bætt við okkur nemendum í eldri kór og hvetjum alla sem hafa gaman af því að syngja að vera með okkur á mánudögum kl. 14:30 – 15:10.

Æfingar eru í tónmenntastofunni og kórstjóri er Dána Ívarsdóttir.



NÝR SKÓLASÖNGUR

Skólasöngur Áslandsskóla

Lag: Haraldur Freyr Gíslason

Texti: Leifur Sigfínnur Garðarsson

Uppi í fjalli, yfir Firði
skólinn er okkur mikils virði.
Þar lærum við að lesa og líta
og líka það sem við þurfum að vita.

Vakna að morgni, í skólann skunda
Þó gott sé undir sæng að blunda
Í skólanum finnum glens og gaman
gott er vera ánægð saman.

VIÐLAG:

Samvinna, ábyrgð, tillitssemi og traust
Í Áslandsskóla við erum kát og hraust
Samvinna, ábyrgð, tillitssemi og traust
Í Áslandsskóla gæti verið endalaust

Við ábyrgð sýnum og tillitssemi
þannig er ég góður nemi.
Treystum hvort öðru og vinnum saman
Í Áslandsskóla er alltaf gaman.

VIÐLAG:

Samvinna, ábyrgð, tillitssemi og traust
Í Áslandsskóla við erum kát og hraust
Samvinna, ábyrgð, tillitssemi og traust
Í Áslandsskóla gæti verið endalaust

SÖNGLEIKJAVAL

Nemendur í Söngleikjavalinu skelltu sér í vetvangsferð í Þjóðleikhúsið á dögunum. Þau hittu nokkra leikara og fengu leiðsögn hjá þeim Helenu og Sigurlaugu um þetta fallega og virðulega hús. Nemendur voru kurteisir og áhugasamir. Þau spurðu margra spurninga og sáu m.a. hárkollugerð, búningagerð, æfingasali, leikhúskjallarann og stóra sviðið. Það sem kom krökkunum mest á óvart var hve margir koma að einni sýningu og hversu umfangsmikil vinnan er í kringum leikverkin.

DAGUR GEGN EINELTI 8. NÓVEMBER

Verkefnisstjórn aðgerða gegn einelti hefur ákveðið að standa að sérstökum degi gegn einelti 8. nóvember 2011. Verkefnisstjórnin samanstendur af fulltrúum fjármálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis og var hún skipuð í kjölfarið á útgáfu Greinargerðar um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum sem kom út í júní 2010. Í tilefni dagsins verður undirritaður Þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti. Forsætisráðherra er verndari átaksins og munu velferðarráðherra, fjármálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra undirrita sáttmálann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ennfremur eru fjöldi félaga og samtaka aðilar að samningnum. Við undirritunina verða einnig afhent gul armbönd sem gerð hafa verið í tilefni dagsins og bera yfirskriftina: Jákvæð samskipti. Þeim verður í kjölfarið dreift til almennings eftir því sem að upplag endist.

Einelti spyr ekki um aldur, þjóðfélagshópa eða kyn og það þrífst einfaldlega allsstaðar þar sem það er látið viðgangast. Ábyrgð okkar allra er því mikil og það er í okkar höndum að vinna bug á þessu þjóðfélagsmeini. Það er ekki flókið ef allir taka höndum saman og sannmælast um ákveðna sátt, þjóðarsáttmála um jákvæð samskipti.

Í tilefni af baráttudegi gegn einelti þann 8. nóvember verður opnuð heimasíðan www.gegneinelti.is og þar gefst fólki kostur á að undirrita eftirfarandi sáttmála:

Þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti

Við undirrituð skuldbindum okkur til þess að vinna af alefli og einurð gegn einelti í samfélagi okkar. Við munum standa vörð um rétt fólks til þess að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt. Við munum sérstaklega gæta réttar barna og ungmenna sem og allra hópa sem eiga sér hvorki málsvara né sterka rödd. Við munum öll, hvert á okkar sviði, skuldbinda okkur til að hafa áhrif til góðs á nánasta umhverfi okkar. Við ætlum að vera góð fyrirmynd og leggja okkar af mörkum til að vinna bug á því samfélagslega böli sem einelti er.

Verkefnisstjórnin hvetur alla þá fjölmörgu aðila og samtök sem starfa á þeim vettvangi sem átakið nær til, til þess að taka höndum saman og helga 8. nóvember baráttunni gegn einelti. Sérstaklega er þessu beint til leikskóla, grunn- og framhaldsskóla, félags- og frístundamiðstöðva, auk vinnustaða og stofnana. Ýmislegt er að hægt að gera í tilefni dagsins, svo sem að halda upp á hann með táknrænum hætti eða beina umræðunni að einelti og afleiðingum þess í samfélaginu.

Verkefnisstjórnin vonast til að sem flestir í samfélaginu skrifu undir þjóðarsáttmálann og taki þátt í því að setja umræðuna um einelti í brennidepil þennan dag - málefnið er brýnt og til mikils að vinna ef í sameiningu tekst að koma á þjóðarsáttmála um jákvæð og uppbyggileg samskipti.

VERKEFNI DAGSINS Í ÁSLANDSSKÓLA

Hver umsjónarkennari leysir verkefnið með sínum umsjónarbekk þriðjudaginn 8. nóvember 2011.

Allir árgangar skólans vinna sama verkefnið.

Það felst í því að allir nemendur klippa út 2 hjörtu úr pappír.

Annað hjartað er kramið, hnoðað, kuðlað og trampað á því – bannað að rífa það. Síðan eiga nemendur að prófa að slétta úr krumpunum en fyrst og síðast virða fyrir sér hvað hafði gerst fyrir pappírinn. Í kjölfarið stýrir kennari umræðu sem byggir á punktum eins og afsökunarbeiðni, varanlegar skemmdir og aðra þætti sem fylgja einelti.

Hitt hjartað sem klippt er út setja nemendur á bakið á sér. Bekkjarfélagar eiga síðan að skrifa hrós eða eitthvað jákvætt um viðkomandi á hjartað. Allir skrifa á bakið hjá öllum. Í lok tímans eru hjörtun tekin af bakinu og nemendur lesa fyrir samnemendur brot af því sem stendur í þeirra hjarta.

ARBÖND

Stefnt er að því að nemendur og starfsmenn Áslandsskóla fá sérstök armbönd í lok dagsins. Armböndin bera yfirskriftina **JÁKVÆÐ SAMSKIPTI**. Vonandi ná þau í skólann í tæka tíð.

MYNDAVEISLA FRÁ 10 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri